

EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfnesi Reykjavík



Dags eftirlits	6.5.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfnesi	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Álfnes	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Torfi Jóhannsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Gyða Sigríður Björnsdóttir	Staðsetning	366624,722 412355,277

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit og varða þau urðun fljótandi úrgangs, ófullnægjandi skil á skráningum (fráviki er lokið með uppfærðum skilum) og há gildi eru að mælast á ammóníum (NH_4^+) og eru yfir viðmiðunarmörkum fyrir grunnvatn í mælingum ársins 2024. Leggja þarf fram úrbótaáætlun vegna urðunar á fljótandi úrgangi og vegna mælinga á ammóníum í grunnvatni. Ein ábending er lögð fram.

Opið er eldra frávík er kom fram í eftirliti ársins 2024, er varðar móttöku á sandi úr sandskiljum. Enn er unnið að úrbótum á frávikinu.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með vettvangsheimsókn á urðunarstað Sorpu bs. í Álfnesi í samræmi við ákvæði 57. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfi Sorpu bs. tekur til meðhöndlunar úrgangs ásamt förgun með urðun í Álfnesi. Gildistími starfsleyfisins er til 23. maí 2035, en gildistími ákveðinna þátta starfsleyfisins hafa fallið úr gildi og hefur rekstraraðili verið veitt framlengd bráðabirgðaheimild sem rennur út þann 21. desember 2025. Rekstraraðili hefur sótt um breytingu á starfsleyfi til Umhverfis- og orkustofnunar sem nú er á úrvinnslustigi.

Boðað umfang eftirlits var:

- 1) Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- 2) Farið yfir starfsleyfið
- 3) Eftirlitsmælingar og skráningar
- 4) Áætlanir og viðbrögð
- 5) Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- 6) Kynning á meðfylgjandi gögnum
- 7) Önnur mál
- 8) Skoðunarferð á urðunarstað
- 9) Umgengni og aðkoma lóðar

1. Opin eru eldri frávík úr eftirliti ársins 2024 sem varðar móttöku á úrgangi úr sandskiljum en skv. úrgangskóðum í rgl. nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs þá flokkast fastur úrgangur og blandaður úrgangur úr sandföngum og olíuskiljum sem spilliefni nema að um úrgang frá skólphreinsistöðvum ræðir sem ekki eru tilgreindur með öðrum hætti. Óheimilt er að urða spilliefni á almennum urðunarstað sbr. 8. gr. í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Sett verður fram áætlun um mælingar á sandinum úr olíuskiljum til að fá fram grunnupplýsingar um úrganginn og hvernig útskolun hans er háttáð. Rekstraraðili vinnur nú að mælingaráætlun á útskolun til að hægt sé að leggja fram frekara mat um efnasamsetningu hans út frá útskolun, sem nýtist þá til ákvörðunar á viðeigandi meðhöndlun fyrir móttöku.

2. Rekstraraðili hefur sótt um breytingu til Umhverfis- og orkustofnunar á starfsleyfi og hefur óskað eftir áframhaldandi heimild til urðunar á 38.000 tonnum af úrgangi á ári til ársins 2030.

3. Umhverfisskýrsla var skilað þann 15. apríl og rekstrarskýrsla urðunarstaðar var skilað 22. apríl. Athugasemdir voru gerðar vegna skila ársyfirlits við eftirlit og var óskað eftir uppfærðu ársyfirliti út frá athugasemdum. Þann 20. maí barst stofnuninni uppfærð skýrsla með viðbótum og bættum skráningum. Í sigvatni er helst að mælast há gildi á ammóníum sem og eftirtektarverð eru há gildi á klóríð, heildar-N, uppleystum efnum og súrefnisþörf (COD). Æskilegt væri að koma á betri hreinsun á sigvatni. Grunnvatnsmælingar úr borholum gefa vísbendingar um að mengun sé að dreifast í grunnvatn, olía/fita er að mælast í grunnvatni (ÁN-9 og ÁN-14) sem og mælist ammóníum (NH_4^+) yfir viðmiðunarmörkum í ÁN-12 og ÁN-14 sbr. viðauka II, töflu 2.2 í Vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022-2027, þar sem

koma fram viðmiðunargildi á ammóníum (mg/l N) sem eru 0,5 (0,4 fyrir viðsnúningsgildi). Styrkur málma er í öllum tilfellum undir umhverfismörkum.

4. Stjórnkerfi Sorpu er skv. umhverfisstaðli ISO 14001, áætlanir eru til staðar, viðbragðsáætlun er til staðar auk þess sem rekstraraðili bregst við ábendingum og kvörtunum jafnóðum og þær berast. Bent var á að leggja skal fram lokunaráætlun a.m.k. tveimur árum áður fyrir lokun urðunarstaðar sbr. gr. 1.6. í starfsleyfi.

5. Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og gefur niðurstöðu um árlegt eftirlit.

6. Rekstraraðila var kynnt breyting á fyrirkomulagi eftirlits og honum bent á að slík breyting hafi frekari áhrif á þá sem hafa fengið strjálla eftirlit út frá áhættumati. Ekki var fjallað sérstaklega um leiðbeiningar um olíuskiljur en rekstraraðila bent á að það er gagnlegt að kynna sér þær engu að síður.

7. Helst var fjallað um fyrirhugaða breytingu á starfsleyfi, úrgangsskráningar á móttæknum úrgangi og málefni er varða mengaðan jarðveg. Framtíðarskipulag svæðisins var rætt að auki. Einnig var fjallað um móttöku á fljótandi lífrænum úrgangi, en eftirlitsaðili hafði fengið ábendingu um að slíkur úrgangur væri urðaður í Álfnesi. Rekstraraðili greinir frá að bilun hafi orðið í móttökutanki í GAJU rétt um það leiti sem bíll kom inn á svæðið með úrganginn. Var gripið til þess ráðs í fljótheitum að urða úrganginn þar sem ekki reyndist unnt að ráðstafa honum eins og var gert ráð fyrir. Skv. a-lið í 8. gr. í rgl. nr. 738/2003 er urðun fljótandi úrgangs óheimil. Rekstraraðili leggur til að bæta innri skráningar þar sem frávik sem slík koma upp svo hægt sé að fara yfir þau og fyrirbyggja að þau endurtaki sig.

8. -9. Farið var um urðunarstaðinn og er umgengni þar góð. Ein ábending er lögð fram, en sjá þarf til þess að timbur sem unnið er á starfsvæðinu og nýtt m.a. í GAJU safnist ekki upp en magn brennanlegs úrgangs má ekki vera meira en 8000 m³ hverju sinni sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi svo ekki skapist hætta (viðmið um hámark miðað við gróflega áætlaða eðlisþyngd telst um 3600 t).

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.2 í starfsleyfi:

Óheimilt er að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%) á urðunarstað sbr. a-lið í 8. gr. í rgl. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Urðaður var lífrænn úrgangur sem berast átti í GAJU.

gr. 5.1 í starfsleyfi:

Rekstraraðili skilaði inn ófullnægjandi skráningum.

5.3. í starfsleyfi:

Grunnvatnsmælingar ársins 2024 benda til að mengun sé að berast í grunnvatn. Ammóníum (NH₄⁺) mælist 2,48 mg/l í brunni ÁN-12 og 0,98 mg/l í brunni ÁN-14. Borið saman við viðauka II, töflu 2.2 í Vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022-2027, sbr. rgl. nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun kemur fram hámarksviðmiðunargildi fyrir ammóníum (mg/l N) sem er 0,5 (0,4 mg/l N fyrir viðsnúningsgildi).

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

